

# 1265. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. júní 2024, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

**Mætt á staðfund:** Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabriel Benjamín, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

**Mætt á fjarfund:** Jennifer Schröder og Arnþór Sigurðsson varamaður.

**Fjarverandi:** Harpa Sævarsdóttir og Vala Ólöf Kristinsdóttir.

**Næsti fundur:** 13. ágúst 2024

Dagskrá:

## 1. Fundargerð 1264. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1264. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

## 2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið hjá ASÍ um húsnæðismálin og að fundað hafi verið með borgastjóra og ráðherra í þeirri viðleitni að koma málunum af stað. Biðlisti Bjargs íbúðafélags hafi tvöfaldast á rúmlega ári, einungis 77 íbúðir væru í byggingu samanborið við 200 að lágmarki áður. Hann sagði vilja fyrir því að fá fleiri að borðinu, t.d. SA, SI og BSRB, til að setja á laggirnar alvöru stýrihóp til að keyra af stað vinnu til að leysa vandann bæði til skemmri og lengri tíma.

Ragnar Þór fjallaði um fyrirhugaða sameiningu VR og Leiðsagnar, hann hafi settið trúnaðarráðsfund hjá Leiðsögn þar sem samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að stofna viðræðuhóp til að ræða næstu skref. Ánægja væri með þá vegferð sem samið hefur verið um.



Hvað varðar kjaradeilu Leiðsagnar og SA/SAF var samþykkt á þeim fundi heimild til að vísa henni til ríkissáttasemjara, en VR á aðild að samningaviðræðum Leiðsagnar á grundvelli samstarfssamnings VR og Leiðsagnar.

Umræður

Arnþór Sigurðsson mætir á fjarfund um kl. 17:43.

### 3. Hópuþsagnir í maí

Ragnar Þór sagði að samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun hafi 441 einstaklingi verið sagt upp í hópuþsögnum í maí, þar af 55 VR félagar sem rekja má til hópuþsagnar hjá Icelandair. Þær uppsagnir hafi verið skýrðar með vísan í hagræðingu en VR mun reyna að sannreyna þær yfirlýsingar og aðrar mögulegar breytingar á störfum og vinnufyrirkomulagi hjá fyrirtækinu. Kjaramálasérfræðingar funduðu með VR félögum frá Icelandair í dag [12.06.2024] til að fara yfir réttindi starfsfólksins og verkferla þegar kemur að hópuþsögnum. Á þann fund mætti fulltrúi frá Vinnumálastofnun. Vel var látið af fundinum.

Umræður

Í umræðum kom fram hugmynd sem snertir réttindi starfsfólks vegna hópuþsagnar / uppsagnar, þ.e. að réttur til sálgæslu eða aðstoðar verði kjarasamningsbundinn.

Drög að yfirlýsingu frá stjórn voru kynnt og rædd. Yfirlýsingin var því næst lögð fyrir fundinn og samþykkt.

Yfirlýsingin er birt hér að neðan, að teknu tilliti til smávægilegra breytinga frá fundarfólki og yfirllesturs.

#### Yfirlýsing stjórnar VR um hópuþsagnir

Í ljósi hópuþsagna nú á vordögum vill stjórn VR árétta eftirfarandi: Uppsögn og missir starfs er alvarlegur hlutur fyrir einstakling og fjölskyldu. Að missa lífsviðurværi sitt getur leitt til fjárhagsvanda sem erfitt er að vinda ofan af auk þess sem starfsmissi fylgir andleg vanlíðan. Það er því ábyrgðarhluti hjá stjórnendum fyrirtækja að láta fólk fara og skal slíkt ávallt vera síðasti kostur. Fyrirtæki þurfa að haga fjárfestingum sínum með þeim hætti að starfsfólk þurfi ekki að borga fyrir þær með framfærslumissi. Sé hagræðingar þörf skal leita annarra leiða, meðal annars með endurskoðun á bónus- og kaupaukakerfum, arðgreiðslum og öðrum fyrirgreiðslum til stjórnenda og forsvarsfólks fyrirtækja.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var 441 einstaklingi sagt upp störfum í hópuþsögnum í maímánuði. Þar af voru a.m.k. 55 félagar í VR og ber þar hæst hópuþsögn hjá Icelandair. VR veitir félagsfólki sem missir vinnuna í hópuþsögn alla þá þjónustu og aðstoð sem unnt er.



Um hópuppsagnir gilda sérstök lög og er markmið þeirra m.a. að leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka í hópi starfsfólks sem fyrir þeim verður. Upplýsa skal trúnaðarmann eða fulltrúa starfsfólks um fyrirhugaðar hópuppsagnir og rökstuðning fyrir þeim og veita viðkomandi færi á að koma sjónarmiðum og tillögum á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin. Dæmi eru um að þetta mikilvæga samráðsferli sé ekki tekið nógu alvarlega og að fyrirtæki hlusti ekki á réttmæt sjónarmið sem fram koma frá fulltrúum starfsfólks. Stjórn VR áréttar mikilvægi þess að unnið sé eftir anda laganna, reynt að koma í veg fyrir hópuppsagnir og starfsmissi launafólks og að hópuppsögnum sé aldrei beitt af léttúð.

12. júní 2024  
Stjórn VR

#### 4. Þriggja mánaða uppgjör, janúar – mars 2024

Fyrir fundinum lágu skjölin „Árshlutareikningur janúar til mars 2024“, Lykiltölur janúar til mars 2024“ og „Sundurliðun sjóðir janúar til mars 2024“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir lykiltölur úr rekstri á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024. Í máli hans kom fram að félagsfólki hafi fjölgað um 3,7% frá sama tíma árið 2023, afgreiðslum og símtölum hefur fækkað en á móti hefur orðið aukning í heimsóknum á almennan vef, Mínar síður og tölvupóstsamskiptum. Þá benti hann á að vefspjall færi vel af stað, en því var hleypt af stokkunum á fyrsta ársfjórðungi 2023.

Stefán benti á að umtalsverð fækkun hafi orðið í hópi atvinnuleitenda hjá félaginu og jafnframt fækkun í fjölda mála kjaramálasviðs. Aukning er í greiðslu sjúkradagpeninga á milli ára og hefur hlutfall dagpeninga af iðgjöldum hækkað umtalsvert.

Umræður

Í umræðum kom fram ósk um skýringar vegna hækkunar iðgjalda fyrir tryggingar.

#### 5. Reglur stjórnar VR um kjörgengi stjórnarfólks

Fyrir fundinum lágu skjölin „Reglur stjórnar um kjörgengi og tengda aðila“ og „Eyðublað Kjörgengi stjórnar VR“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán Sveinbjörnsson skýrði frá því að laganefnd félagsins hafi verið falið að koma með tillögu að reglum um kjörgengi stjórnar í ljósi breytinga á lögum félagsins á aðalfundi 2024.

Stefán fór því næst yfir tillögur laganefndar að reglum sem hér segir:

## Reglur stjórnar VR um kjörgengi og tengda aðila

### 1. gr.

Í lögum VR er fjallað um kjörgengi stjórnarfólks. Þar segir að stjórnarfolk sem missir hæfi til að gegna stjórnarstarfi í VR víki sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn félagsins. Tilgangur reglna þessa er að kanna kjörgengi stjórnarfólks á kjörtímabili þess og uppfylla skyldur um tengda aðila skv. 41. tl. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

### 2. gr.

Stjórnarfolk þarf að uppfylla tiltekin skilyrði til að vera kjörgengt og til að hafa rétt til stjórnarsetu. Þau eru:

1. **Fullgildir félagar í VR skv. 2. tl. 5. gr. laga VR.**

Til að teljast fullgildur félagi í VR þurfa félagsgjöld að vera greidd sem nema að lágmarki 30% af lágmarkslaunum afgreiðslufólks síðastliðna tólf mánuði, eins og þau eru á hverjum tíma, og greiðslur þurfa að hafa borist að minnsta kosti einn mánuð síðastliðna 3 mánuði skv. 3. gr. laga VR og samþykkt aðalfundar. Samkvæmt 10. mgr. 3. gr. laga VR telst félagsgjald vegna þóknunar fyrir setu í stjórnnum eða ráðum á vegum félagsins ekki með. Félagfolk sem er í hlutastarfi og uppfyllir skilyrði um lágmarksfélagsgjald er kjörgengt.

2. **Starfandi á starfsviði félagsins skv. 1. ml. 11. gr. laga VR.**

Með starfssvið er átt við að félagsgjald sem greitt er af launum til VR sé af starfi þar sem kjarasamningar VR eigi við um réttindi og skyldur.

3. **Fjár síns ráðandi skv. 2. ml. 11. gr. laga VR.**

Stjórnfolk má ekki vera gjaldþrota og verður að vera 18 ára og eldir til að vera fjár síns ráðandi.

4. **Með hreint sakarvottorð skv. 2. ml. 11. gr. laga VR.**

Stjórnarfolk má ekki hafa verið dæmt fyrir refsiverðan verknað á sl. 5 árum.

5. **Stjórnarfolk má ekki eiga meira en 5% í fyrirtæki á starfssviði VR skv. 3. ml. 11. gr. laga VR. Það sama á við um eignarhald maka og ófjárráða barna ef þau fara með ráðandi hlut í slíku fyrirtæki skv. 4. ml. 11. gr. laga VR.**

Með starfssviði er átt við að fyrirtækið sem stjórnarfolk á hlut í og hafi starfsfolk í vinnu taki kjör eftir kjarasamningi VR. Skýring á eignarhaldi maka og barna stjórnarfólks er að þau eigi samanlagt eða í sitt hvoru lagi 50% hlut eða meira í fyrirtæki á starfssviði VR.

6. **EKKI starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækja, stofnana eða félaga þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi skv. 5. ml. 11. gr. laga VR.**

Hér er átt við að viðkomandi hafi stöðu sem framkvæmdastjóri. Almennt er miðað við skráningu viðkomandi, þar sem því er við komið, í

fyrirtækjaskrá sem framkvæmdastjóri og/eða prófkúrhami í viðkomandi fyrirtæki.

Þeir félagar sem eru **ekki** kjörgengir eru sjálfstætt starfandi, eldri félagar, öryrkjar og einstaklingar yngri en 18 ára.

### 3. gr

Í 11. gr. laga VR segir að stjórnarfolk sem missir hæfi (kjörgengi) á kjörtímabilinu víki sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taki varamenn sæti þeirra til loka kjörtímabils. Lögð er sú skylda á stjórnarfolk að meta kjörgengi sitt allan þann tíma sem það er í stjórn VR. Ef stjórnarmaður missir kjörgengi sitt er honum skylt að upplýsa framkvæmdastjóra VR tafarlaust um slíkt og segja sig úr stjórn VR.

### 4. gr.

Til að fylgjast með kjörgengi skilar stjórnarfolk inn eyðublaði með upplýsingum um kjörgengi fyrir 1. febrúar ár hvert. Öll útfyllt eyðublað skulu vera aðgengileg öllu stjórnarfólki í vefgátt stjórnar.

Á eyðublaðinu skal koma fram:

1. Nafn og kennitala stjórnarmanns.
2. Starf sem unnið er á starfssviði VR með starfslýsingu.
3. Nafn og kennitala maka stjórnarmanns. Með maka er átt við aðila sem er í hjúskap með stjórnarmanni skv. hjúskaparlögum nr. 31/1993.
4. Nafn og kennitala ófjárráða barns/barna stjórnarmanns.
5. Hvort stjórnarmaður sé fullgildur félagi í VR.
6. Hvort stjórnarmaður hafi verið úrskurðaður gjaldþrota.
7. Hvort stjórnarmaður hafi hlotið dóm fyrir refsverðan verknað.
8. Yfirlit yfir stjórnarsetu stjórnarmanns og maka hans.
9. Yfirlit yfir eignarhluti stjórnarmanns, maka og ófjárráða barna í félögum/fyrirtækjum þar sem eignahlutur er yfir 5%.

Stjórnarmaður staðfestir með undirritun sinni að allar upplýsingar sem fram koma á eyðublaðinu séu réttar og allt sem upplýsa á komi þar fram.

### 5. gr.

Sé ágreiningur um hæfi stjórnarfólks úrskurðar kjörstjórn um hæfi skv. 2. mgr. 11. gr. laga VR. Hvaða stjórnarmaður sem er getur, hvenær sem er, beint því til kjörstjórnar að úrskurða um hæfi einstakra stjórnarmanna í stjórn VR. Úrskurðir kjörstjórnar um hæfi eru endanleg ákvörðun félagsins um stjórnarsetu. Stjórnarmaður sem ekki fellir sig við úrskurð kjörstjórnar getur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Ef kjörstjórn hefur úrskurðað að stjórnarmaður hafi misst hæfi til setu í stjórn VR ber honum að víkja tafarlaust úr stjórn. Málshöfðun fyrir dómstólum frestar ekki úrskurði kjörstjórnar um brottvikningu úr stjórn.

Umræður



Að umræðum loknum voru tillögurnar lagðar fyrir. Einnig var lagt fyrir fundinn tillaga laganevndar þess efnis að stjórnarfolk fylli út eyðublað um kjörgengi, sem finna má í máli fundarins, og skili til framkvæmdastjóra eigi síðar en 1. júlí 2024.

Samþykkt.

## 6. Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR, tillögur að breytingum

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR tillaga að breytingu á gr. 2, undirgrein 2.2“ til kynningar og afgreiðslu.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, kynnti tillögur að breytingum á starfsreglum sjóðsins. Lagt er til að bætt verði við nýrri grein undir gr. 2 sem hér segir:

„2.2 Gögn sem skila skal inn með umsókn um sjúkradagpeninga eru sjúkradagpeningavottorð sem gefið er út á Íslandi, staðfestingu á hvenær veikindarétti hjá atvinnurekanda lýkur. Heimilt er að óska eftir launaseðlum síðustu 6 mánuði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga.“

Skýring með þessari breytingu er sem hér segir:

„Ástæða þessa að lagt er til að breyta 2. gr og setja undirgrein er varðar skil á gögnum svo umsókn hljóti afgreiðslu er að á vinnudegi framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs VR þann 22. maí síðastliðinn var ákveðið að taka ekki við vottorðum sem gefin væru út erlendis. Talin er þörf á því þar sem vottorð gefin út erlendis eru ekki á því formi sem við gerum almennt kröfur um, til að mynda að fram komi sjúkdómskóði (ICD-10 greining). BHM, Efling og fleiri stéttarfélög hafa nú þegar farið þessa leið að hafna móttöku slíkra vottorða. Upp hafa komið mál þar sem vottorðin sem koma erlendis frá eru þess eðlis. Efasemdir hafa verið um réttmæti þeirra og það kom einnig fram hjá fulltrúum stéttarfélaga sem hafa farið þá leið að hafna móttöku vottorða sem gefin eru út erlendis. Trúnaðarlæknir VR, Gunnar Kr. Guðmundsson, ráðlagði einnig að taka ekki við vottorðum gefnum út erlendis þar sem þau uppfylla ekki þau sömu skilyrði og sjúkradagpeningavottorð gefin út á Íslandi gera.

Umsækjendur um sjúkradagpeninga ættu að hafa gott aðgengi að lækni á Íslandi sem geti gert sjúkradagpeningavottorð þar sem þeir eru búsettir í nánast öllum tilfellum á Íslandi og starfandi á íslenskum vinnumarkaði og ætti þessa krafa ekki að verða íþyngjandi. P

Starfsfolk Sjúkrasjóðs VR telur rétt að áréttta einnig í þessari grein að skila skuli inn staðfestingu frá atvinnurekanda að veikindarétti sé lokið. Einnig því að hægt sé að kalla eftir launaseðlum allt að 6 mánuði fyrir greiðslu sjúkradagpeninga. Viðmiðunartímabil fjárhæðar sjúkradagpeninga er 6 mánuðir fyrir greiðslu dagpeninga. Það kemur fyrir að mikið ósamræmi er í launum ákveðna mánuði fyrir greiðslu dagpeninga og mikilvægt að fá skýringu á því. Sem dæmi þegar árs bónus greiddur einusinni á ári og þá er fjárhæðinni dreift á 12 mánuði til að finna rétta meðalfjárhæð.“



Umræður

Að umræðum loknum var tillagan lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

## 7. Starfsreglur Suðurlandsdeildar VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Starfsreglur Suðurlandsdeildar VR maí 2024“ en það lá á milli funda. Reglurnar eru tilkomnar í kjölfar samþykka ársfunda deilda VR í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi um sameiningu deildanna.

Reglurnar voru lagðar fyrir fundinn og samþykktar samhljóða.

Starfsreglur VR Suðurlandsdeildar eru sem hér segir:

### Starfsreglur VR Suðurlandsdeildar

#### 1. gr. Heiti og starfssvæði

Deildin heitir VR Suðurlandsdeild og félagssvæði hennar nær yfir Vestmannaeyjar, Árnassýslu, Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu ásamt kaupstöðum á svæðinu. Félagssvæði er VR félagar starfandi á félagssvæðinu.

#### 2. gr. Tilgangur

- Að ná fram og koma til skila afstöðu félagsfólks VR sem starfandi er á svæðinu til þeirra mála sem snúa að kjarasamningum og aðbúnaði félagsfólks á starfssvæðinu.
- Að halda uppi félagsstarfi á svæðinu.
- Að taka þátt í starfi hagsmunasamtaka á svæðinu og koma fram fyrir hönd félagsfólks.
- Að taka þátt í samstarfi annarra stéttarféлага á svæðinu í samráði við stjórn VR.
- Að taka þátt í starfi VR.

#### 3. gr. Stjórn og stjórnarkjör

Stjórn deildarinnar skipa fimm aðilar og þrjú til vara sem kosnir skulu á ársfundi deildarinnar. Kjörtímabil stjórnarfólks er fjögur ár. Formaður skal kosinn sérstaklega á ársfundi deildarinnar. Það ár sem formaður er kosinn skal kjósa tvo stjórnarmenn. Hitt árið skal kjósa tvo stjórnarmenn. Varamenn skal kjósa til tveggja ára. Stjórn kys sér varaformann og ritara sem skal sjá um að færa fundargerðir. Kjörgengir eru fullgilt félagsfólk í VR sem starfandi er á svæðinu. Framboð til formanns og stjórnar þurfa að berast til stjórnar deildarinnar a.m.k. sjö dögum fyrir ársfund.

#### 4. gr. Félagssfundir

Félagssfundir skulu haldnir þegar stjórn álitur þess þörf eða ef minnst 25 fullgildir félagar óska þess. Fundir skulu boðaðir með minnst fjögurra sólarhringa fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks á svæðinu. Fundum deildarinnar skal stjórnað eftir almennum fundarsköpum. Fundur er lögmetur ef löglega er til hans boðað.

#### 5. gr. Ársfundur

Ársfundur skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Ársfundur skal boðaður með minnst sjö daga fyrirvara með auglýsingum í vefmiðlum VR og fréttamiðlum eða á annan





sannanlegan hátt sem nær til félagsfólks á svæðinu. Ársfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Á ársfundi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Breytingar á starfsreglum, ef fyrir liggja
3. Kjör stjórnar og fulltrúa deildarinnar skv. 3. gr.
  - 3.1. Kjör fulltrúa deildarinnar í stjórnir og ráð hagsmunaaðila á svæðinu
4. Fjárhagsáætlun um félagslegt starf deildarinnar lögð fram
5. Önnur mál

## 6. gr. Breytingar starfsreglum

Starfsreglum þessum má breyta á ársfundi deildarinnar enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði. Tillögur að breytingum á starfsreglum þurfa að hafa borist til stjórnar deildarinnar sjö dögum fyrir ársfund. Einnig er heimilt að breyta starfsreglunum á félagsfundi hafi breytingar á starfsreglum áður verið ræddar á félagsfundi og þeirra getið í fundarboði.

Breytingar á starfsreglum koma fyrst til framkvæmda er stjórn VR hefur staðfest þær.

## 7. gr. Niðurlagning deildarinnar

Deildin verður ekki lögð niður nema  $\frac{3}{4}$  félagsmanna samþykki það að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

### Ákvæði til bráðabirgða:

Við stjórnarkjör árið 2025 eru allir stjórnarmenn og varamenn sem þá eru í kjöri kosnir til eins árs. Árið 2026 er stjórnarfolk sem þá er í kjöri kosið til fjögurra ára og varamenn til tveggja ára.

Samþykkt á ársfundi deildar VR í Vestmannaeyjum og Suðurlandsdeildar VR 21. maí 2024.

## 8. VR Blær leigufélag slhf., staða á umsóknarferli

Fyrir fundinum lá skjalið „VR Blær leigufélag minnisblað júní 2024“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir minnisblað um stöðu á umsóknum leiguíbúða Blævar og byggingu íbúðanna.

Í máli hans kom fram að um 300 hafa forskráð sig á biðlista fyrir úthlutun fyrstu leiguíbúða en fyrirhugað er að umsóknarferlið hefjist í byrjun júlí. Þann 19. júní verður númerum úthlutað til félaga á biðlistanum og eftir það hefst almenn skráning á listann. Verið er að vinna í útreikningum á leiguverði og uppsetningu á upplýsingasíðu á vr.is um íbúðirnar.

## 9. Breyting afsláttarkjara gjafabréfa Icelandair

Fyrir fundinum lá skjalið „Breytingar á afsláttarkjörum gjafabréfa Icelandair“ til kynningar og umræðu.





Ragnar Þór benti á að VR hefur verið í viðskiptum við Icelandair vegna gjafabréfa í flug árum saman, rétt eins og önnur stéttarfélög. VR keypti á síðasta ári gjafabréf fyrir hátt í 400 m.kr. VR hefur keypt bréfin með afslætti en nýlega tilkynnti Icelandair um breytt afsláttarkjör. VR óskaði eftir fundi með fyrirtækinu þar sem þessu var mótmælt. Niðurstaða fundarins var að Icelandair leggi fyrir VR tillögu að afslætti sem félagið mun þá taka afstöðu til. Gjafabréf eru nú uppseld hjá félaginu.

Umræður

Í umræðum var lagt til að stjórn hittist á stuttum fundi þegar svar Icelandair liggi fyrir til að taka afstöðu til málsins.

Í umræðum kom einnig fram ósk um að fá upplýsingar um fyrirkomulag á sölu gjafabréfa hjá öðrum stéttarfélögum.

## 10. Fyrirtæki ársins – niðurstöður fyrir skrifstofu VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Einkunnir VR í Fyrirtæki ársins 2024“ til kynningar og umræðu.

Stefán fór yfir niðurstöðu skrifstofu VR í könnun félagsins á Fyrirtæki ársins sem gerð er árlega meðal félagsfólks og þúsunda annarra á almennum vinnumarkaði.

Einkunnir VR eru sem hér segir:

Heildareinkunn	4,33	Sveigjanleiki í vinnu	4,56
Stjórnun	4,40	Sjálfstæði í starfi	4,37
Starfsandi	4,35	Ímynd fyrirtæki	4,28
Launakjör	3,64	Ánægja og stolt	4,48
Vinnuskilyrði	4,39	Jafnrétti	4,43

VR tekur ekki sæti á opinberum lista yfir Fyrirtæki ársins en væri í 17 sæti á lista stórra fyrirtækja. Einkunnir félagsins hafa lækkað milli ára en heildareinkunn var 4,52 árið 2023. Stefán skýrði frá því að VR ynni með þessar niðurstöður þannig að fundað er um þær á hverju sviði fyrir sig og verður áfram unnið með niðurstöður .

Umræður

Ragnar Þór óskar eftir að lengja fundinn til kl. 21:00, engin andmæli.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 20:45.

